


VALSBLAÐIÐ

70. árg. 1. tbl. 2018



Séra Friðrik

1868 · 25. maí · 2018

Sumarstarf Vals



2018



Sumarbúðir í Borg

Hagnýtar upplýsingar:

- Fyrir börn á aldrinum 6-11 ára
- Milli 9 og 16 virka daga í júní og í júlí
- Gæsla fyrir börn frá 8-9 og 16-17
- Hægt að kaupa hádegismat fyrir þátttakendur sem eru bæði heilan og hálfan dag



Dagsetningar:

- Námskeið 1: 11. júní - 15. júní
- Námskeið 2: 18. júní - 22. júní
- Námskeið 3: 25. júní - 29. júní
- Námskeið 4: 02. júlí - 06. júlí
- Námskeið 5: 09. júlí - 13. júlí
- Námskeið 6: 16. júlí - 20. júlí

Knattspyrnuskóli Vals

Hagnýtar upplýsingar:

- Fyrir börn á aldrinum 6-11
- Milli 9-12 virka daga eftir að skóla lýkur í júní og júlí
- Gæsla fyrir börn frá 8-9 og 16-17
- Hægt að vera í knattspyrnuskóla fyrir hádegi og Sumarbúðunum eftir hádegi



Dagsetningar:

- Námskeið 1: 11. júní - 15. júní
- Námskeið 2: 18. júní - 22. júní
- Námskeið 3: 25. júní - 29. júní
- Námskeið 4: 02. júlí - 06. júlí
- Námskeið 5: 09. júlí - 13. júlí
- Námskeið 6: 16. júlí - 20. júlí



Handboltaskóli Vals

Hagnýtar upplýsingar:

- Fyrir börn á aldrinum 6-11 ára (frá kl. 9-12)
- Fyrir börn á aldrinum 12-15 ára (frá kl. 12-15)



Dagsetningar:

- Námskeið 1: 07. ágúst - 10. ágúst (4 dagar)
- Námskeið 2: 13. ágúst - 17. ágúst (5 dagar)

Körfuboltaskóli Vals

Hagnýtar upplýsingar:

- Fyrir börn á aldrinum 6-10 ára & 11-13 ára
- Milli 9-12 (yngri) og 13-14:30 (eldri)
- Gæsla fyrir börn frá 8-9 og 16-17 (í júní)
- Hægt að vera í Körfuboltaskóla fyrir hádegi og Sumarbúðunum eftir hádegi (í júní)



Dagsetningar:

- Námskeið 1: 11. júní - 15. júní
- Námskeið 2: 18. júní - 22. júní
- Námskeið 3: 25. júní - 29. júní
- Námskeið 4: 07. ágúst - 10. ágúst (4 dagar)
- Námskeið 5: 13. ágúst - 17. ágúst (7 dagar)



Minni Særa Friðriks

Upplstur Bjarts Jörfa Ingvasonar á Herrakvöldi Vals, 3. nóvember 2017

Særa Friðrik stofnaði Val og kenndi Valsmönnum að vera heilbrigðar sálir í hraustum líkómum. Hann brýndi fyrir þeim að vera öllum fremri í mannlegum dyggðum; karl-



Bjartur Jörfi Ingvason, leikmaður 4. flokks í handbolta og 3. flokks í fótbolta.

mennsku, kærleika, örlæti, sjálfstillingu, fordómaleysi, vináttu, samúð, ósérhlífni, auðmýkt og þolinmæði.

Á árinu 2018 verða 150 ár liðin frá fæðingu særa Friðriks og þess verður minnst á Hlíðarenda. Særa Friðriks verður minnst í stóru og smáu. Hans verður minnst með söng og gleði og hans verður minnst með drengilegri keppni.

Þegar Særa Friðrik kom heim frá Kaupmannahöfn í ágústlok 1897 lá leið hans úr skipsbát í flæðarmálinu í Reykjavík upp Bakarabrekku og Skólavörðustíg. Þrjú strákar riðu

niður Bakarabrekkuna og Friðrik þekkti þann sem fremstur fór og gekk að hestinum til að heilsa, strákurinn beygði sig niður, setti aðra höndina um hálsinn á Friðrik og kyssti. Mér fannst Ísland bjóða mig velkominn heim, sagði Friðrik, sem var að hefja göngu upp brattan stíg, og Áfram Hærra, til þess að leggja grunn að sigri.

Að kvöldi þess dags var Friðrik í stofu hjá móður sinni á Skólavörðustíg. Hann var einn. Það var yfir honum mikil ró og kyrrð. Það var vegna þess að hann hafði fundið markmið sitt í lífinu. Særa Friðrik vissi hverju hann ætlaði að helga líf sitt, en hann vissi ekki hvernig best yrði staðið að verki og lagði í Guðs hendur að finna lausn á því.

Markmið Særa Friðriks var að kenna ungmennum að leita kærleikans og færa hann inn í alla hluti. Inn í vinnu sína og verk, inn í félagslíf, leiki, skemmtanir og öll mannleg samskipti. Hans markmið var að þroska hverskyns fullkomnun í lífi Valsmanna. Særa Friðrik kenndi þeim heiðarlega samkeppni og að láta ekki kappið bera fegurðina ofurlíði. Hann sagði að allt kærleiksleysi í samskiptum manna hljómaði eins og hjáróma strengir og falskir tónar í samstilltum söng.

Særa Friðrik brýndi Valsmenn til að keppa alltaf til sigurs og sigurlauna.

Valsmenn eiga ávallt að vera í fremstu röð; hver í sinni köllun; hver í sinni starfsgrein.



Auður Ísold Hilmarsdóttir Kjerúlf, leikmaður í 4. flokki í fótbolta.



Valsblaðið - 70. árgangur 2018.

Fyrsta tölublað.

Útgefandi: Knattspyrnufélagið Valur, Hlíðarenda við Laufásveg

Ritstjóri: Þorsteinn Haraldsson

Ritnefnd: Guðni Ólgeirsson og Þorgrímur Þráinsson

Auglýsingar: Jónas Guðmundsson

Ljósmyndir: Þorsteinn Ólafs og úr safni Vals.

Prófarkalestur: Guðni Ólgeirsson og Óttar Felix Hauksson

Umbrot: Eyjólfur Jónsson

Prentvinnsla: Prenttækni



Mynd. Ól.K.Magnússon, maí 1958.

Á Hlíðarenda

Séra Friðrik hefur verið vinur minn í aldarfjórðung. Ég hef þekkt til hans mun lengur. Mér er í minni afmæli hans fyrir 60 árum. Út um þakglugga í húsi við Miklubraut horfði ég niður götuna á eftir strákum og ég vissi að þeir voru á leið í port KFUM-hússins við Amtmannsstíg til þess að hylla Séra Friðrik níráðan. Sjálfur var ég of lítill til að fara með þeim. Ég fór í Vatnaskóg árið sem hann dó og hafði sótt Y-D fundi á Amtmannsstíg veturinn áður. Þá vorum við Séra Friðrik undir sama þaki, en ég sá hann aldrei.

Strákar í Val og fleiri félögum Séra Friðriks byggðu Friðrikskapellu á Hlíðarenda fyrir aldarfjórðungi. Þegar byggingunni var lokið komu þeir til mín með lyklana að húsinu og sögðu: Gerðu svo vel. Vilt þú ekki vera svo vænn að taka við húsinu. Og ég tók við húsinu. Þá hófst fyrir alvöru vinátta okkar Séra Friðriks. Við höfum ræktað hana alla tíð síðan. Séra Friðrik var helgur maður, sjálfur er ég langt frá því og hefði sjálfsagt verið rekinn úr KFUM strax árið 1904. Það varð mér til bjargar að ég fæddist ekki fyrr en 45 árum síðar.

Í vetur; þegar meistaraflokkur kvenna í Val sigraði KR í úrslitaleik Reykjavíkurmótsins braust út mikil gleði í stúkunninni. Svo mikil var gleðin að strákur í Val stakk upp á því

í bjartsýniskasti að félagið gæfi út sérstakt Valsblað í maí í tilefni af því að 150 ár væru frá fæðingu Séra Friðriks. Hugmyndinni var vel tekið af félögum hans. Strákurinn vildi að þetta yrði blað með sögum og myndum úr fortíðinni. Félagi hans sagðist vilja skemmtilegt blað um Séra Friðrik, þar sem hver síða veitir innsýn í hugarheim hans og tíðaranda þannig að maður finni nánast lykt og skynji jafnframt veðurfar og stemningu.

Séra Friðrik gleðst áreiðanlega innilega yfir því að Valsstrákar í stúkunninni á Hlíðarenda óska eftir afmælisblaði. Það er honum mikils virði. Meira virði en ef óskinn hefði komið frá einhverri opinberri stjórn eða allsherjarþingi. Formanni Vals, Þorgrími Þráinssyni, þótti hugmyndin fráþær og varð úr að ég tæki að mér ritstjórn þessa blaðs og ég gerði það með þeim skilyrðum að ég fengi að bera alla ábyrgð á efni í blaðinu. Ég þóttist sjá að til þess að mæta væntingum Valsara væri sú leið ein fær að Séra Friðrik segði sjálfur frá.

Séra Friðrik hóf að skrifa persónusögu sína á sextugsaldri. Hann hafði aldrei nennt að halda dagbækur en treysti sínu góða minni. Í upphafi birtust æskuminningar hans í tímaritinu Óðni og komu þær út á bók árið 1928. Bókin nefnist *Undirbúningsárin*. Séra Friðrik hélt áfram að skrifa greinar í Óðin og urðu af þeim bækurnar *Starfsárin*



I og II sem komu út eftir 1930. Þriðji og síðasti kafli persónusögunnar eru greinar sem Séra Friðrik skrifaði í tímaritið Akranes þegar hann var kominn heim frá Danmörku eftir seinni heimsstyrjöld. Þessi síðasti kafli sem hann nefnir Starfsárin III hefur ekki komið út á bók.

Í formála *Undirbúningsáranna* segir m.a.:

Þegar ég byrjaði á þessum æviminningum kom mér ekki til hugar að þær yrðu annað eða meira en nokkrar greinar í tímaritinu Óðni; mér datt ekki í hug að þær kæmu út sérprentaðar. Ég hafði litlum tíma að verja til þeirra og eiginlega enga löngun til að fást við þær. Vanalegast fór ég því ekki að skrifa fyrr en heimtað var handrit í blaðið; settist þá niður og skrifaði í flaustri án þess að hugsa um hvað á undan væri komið eða á eftir færi; og fór með handritið í prentsmiðju næstum því vott, án þess að ég læsi það yfir. Ég skrifaði því það sem mér þá datt í hug, alveg eins og ég væri að segja sögu á fundi undirbúningslaust og þess á milli kom sagan aldrei inn í huga minn. Ég skrifaði eftir því sem kom mér í hug meðan ég var að skrifa, lét myndirnar koma fram í hugann og lýsti þeim eins og ég sá þær fyrir mér.

Frá því að strákar í Val fengu hugmyndina um þetta blað hefur liðið skammur tími og stutt til útgáfudagsins sem á að vera 150 ára fæðingarafmæli Séra Friðriks 25. maí 2018.

Efnið er sviðsmyndir og greinar sem sóttar eru í Undirbúningsárin og Starfsárin I. Efnið tekur til tímabilsins frá 1868 til stofnárs Vals 1911. Lengra verður ekki komist í einu Valsblaði nema með því að stikla of stórt og sóa efni. Efnið er valið með æskuna í Val fyrir augum og vilja Séra Friðriks eins og ég ímynda mér hann. Sama á við um myndaval og framsetningu. Til þess að lesendur týni ekki efninu í stafsetningu gamallar tíðar hafa verið gerðar nauðsynlegar breytingar. Í allri frásögn er Séra Friðrik nefndur Séra Friðrik.

Á Amtmannsstíg

Þegar Séra Friðrik varð gamall og blindur þá kveikti hann ekki í vindlum sínum sjálfur. Gestir komu í heimsókn til hans á Amtmannsstíg og kveiktu í vindli fyrir hann. Það voru oftast svokallaðir 100 kílómetra vindlar sem Séra Friðrik reykti og var miðað við að einn vindill entist til 100 kílómetra ferðalags í bíl. Meðan Séra Friðrik reykti þá var margt spjallað og hann sagði sögur af lífi sínu og starfi og gestir lásu fyrir hann af bók. Oft var lesið úr Biblíunni og öðrum uppáhaldsbókum sem hann þekkti vel og hafði yndi af, en Séra Friðrik hafði líka gaman af því að rifja upp eigin sögur og þá var lesið fyrir hann úr sögunum sem hann skrifaði í Óðin og Akranes. Hann kunni líka að hlusta og gefa ungum sem öldnum ráð og hughreysta þegar þess þurfti.

Hann var heitur og ör

Stór strákur kom á Amtmannsstíginn til Séra Friðriks til að lesa fyrir hann. Hann var stirðlæs. Þá brá svo við að Séra Friðrik vildi heldur að hann færi í bæinn. Séra Friðrik bað hann um að taka nú vel eftir öllu sem á vegi hans yrði og koma svo aftur og segja sér frá. Strákurinn lét ekki segja sér tvisvar og þaut af stað. Hann þaut eins og smalahundurinn Gáski út Skólastrætið og niður Bankastrætið. Á Lækjargötuhorninu stóð lögregluþjónn á tali við strák sem hafði stolist til að hjóla niður Bankastræti. Lögreglan skrifaði nafn drengsins í vasabók og sagði honum að ef þetta kæmi fyrir aftur yrði talað við foreldra hans. Strákurinn Gáski þaut svo niður í Austurstræti og beygði inn Kolasund í Hafnarstræti og fór þaðan út á höfn um Pósthússtræti. Gullfoss var að leggjast að hafnarbakkanum. Farþegarnir stóðu við borðstokkinn og á hafnarbakkanum var múgur og margmenni eins og alltaf þegar Gullfoss lagði að. Kaðall var strengdur langsum eftir miðjum hafnarbakkanum til þess að halda mannfjöldanum í hæfilegri fjarlægð. Farþegarnir veifuðust á við fólkið í landi og það heyrðust hróp og köll. Það var spennu og eftirvænting í lofti. Um síðir þaut svo í vesturátt strákurinn Gáski. Við bryggjur lágu bátar og hann lagði á minnið nöfnin. Fanney RE 4 skar sig úr því hún var frambyggð og framandi og honum þótti hún falleg. Á bryggju nærri Ægisgarði þræddi gamall maður vír í gegnum tálkn á ýsu um leið og hann þakkaði sjómönnum um borð í bát kærlega fyrir fiskinn. Og nú tók Gáski stefnuna til baka á Amtmannsstíg. Á leiðinni, í Tryggvagötu, sá hann framundan sér lítinn strák detta á hjóli. Þegar hann kom þar að var litli strákurinn að skæla. Hann hafði dottið á hné og rífið gat á buxurnar. Það blæddi lítið, en blæddi samt, og hann skældi. Gáski fann kandísmola í vasa sínum og gaf litla stráknum sem hætti að skæla. Svo þaut hann í Austurstæti og sá þar Óla blaðasala og áfram í Lækjargötu og upp Amtmannsstíg.

Hann var heitur og ör, móður og mäsandi, þegar hann sagði Séra Friðriki af ferðalagi sínu. Og sagan var skemmtileg. „Sögur eru oft skemmtilegastar og best sagðar þegar þær eru nýjar og sögumaður heitur og ör“, sagði Séra Friðrik.

Einhvern veginn svona hefur þetta Valsblað orðið til.

Hlíðarenda, 11. maí 2018

Þorsteinn Haraldsson



Séra Friðrik segir frá:

Mér finnst ævi mín vera keðja af velgerðum, sem ég hef þegið, af hjálp annara og stuðningi þeirra; án þessara velgerðamanna hefði líf mitt orðið fátækt og frásagna snautt; liðsinni þeirra í orði og verki hefur verið mér Guðs gjöf og auðgað ævi mína. Mig hefði langað til að lesendur mínir gætu komið auga á það, sem ég tel mikilverðast, nefnilega á handleiðslu Guðs.

Ég er fæddur að Hálsi í Svarfaðardal 25. maí 1868. Mér þykir ávallt mikið til þess dags koma, ekki af því að hann er fæðingardagur minn heldur af því að þá var ég skírður nokkrum mínútum eftir að ég fæddist. Var það fyrsta og stærsta velgjörðin sem ég hef hlotið á æfi minni.

Foreldrar mínir voru hjónin Friðrik Pétursson (1841–1879) og Guðrún Pálsdóttir (1839–1927) og var ég fyrsta barn þeirra. Faðir minn var ættaður úr Hjaltadal í Skagafirði. Hann hafði lært skipasmíðar og stundaði þær, en lagði síðar fyrir sig húsagerð og kirkjusmíðar. Hann var mikill hagleikamaður, bæði stórvirkur og vandvirkur. Ég erfði ekki þennan hagleik, því ég hef aldrei getað tálgað óskakkan hrífutind.

Faðir minn hafði numið nokkuð í siglingafræði hjá Gísla Jónassyni að Stærra-Árskógi. Síðan var hann um hrið formaður á hákarlaskipinu Hríseyingi sem hann hafði sjálfur smíðað.

Vorið sem ég fæddist hafði hann á útmánuðunum farið í hákarlalegur, en fengið sjávarvolk mikið og stórveður, svo að þá hrakti vestur á Ísafjörð og spurðist ekkert til þeirra lengi vel. Um það leyti er ég fæddist voru menn orðnir úrkula vonar um að þeir væru á lífi. Þess vegna fékk ég nafn hans. Móðir mín var ættuð úr Eyjafirði, dóttir Páls Þórðarsonar frá Kjarna. **1868**

... með hníf og gaffli

Vorið 1878 þegar ég varð 10 ára fluttist ég frá Breiðargerði vestur í Húnavatnssýslu. Faðir minn hafði tekið að sér að reisa nýja kirkju að Svínavatni á Ásum. Langaði hann til þess að hafa fjölskyldu sína hjá sér og fékk því húsmensku þar. Á leiðinni gistum við á Árgilsvöllum hjá Pétri bónda. Var ekki laust við að ég væri feiminn. Þar var allt svo fínt og þar borðaði ég í fyrsta sinn með hníf og gaffli en sjálfskeiðingurinn hafði dugað þangað til.

Leiðin þaðan lá svo yfir stóra Vatnsskarð. Þar var nýruddur þráðbeinn breiður vegur yfir snarbratta hóla og djúpar dældir og hvað sem fyrir



Guðrún Pálsdóttir, móðir Friðriks.

var. Svo komum við að Svínavatni. Hét bóndinn þar Helgi Benediktsson en konan Jóhanna Steingrímsdóttir. Þau áttu fjóra syni, Guðmund, síðar prestur að Bergstöðum, Steingrím, Jóhannes og Guðmann.

Allir voru þessir drengir mjög mannvænlegir og tókst með okkur góð vinátta. Guðmann var yngstur, jafnaldri minn, og lékum við okkur mest saman, en þeim öllum á ég mjög mikið að þakka, því þeir voru ekki aðeins mér sérlega góðir og samleikaþýðir, heldur voru þeir fróðleiksfúsir og vel gáfaðir, voru vel að sér í Íslendingasögum. Við þessa viðkynningu komst ég fyrst verulega inn í lestur fornaldarritanna. Það opnaðist fyrir mér nýr heimur og gekk ég með lífi og sál inn í hann.

Á þeim þremur árum sem ég dvaldi á Svínavatni las ég allflestar Íslendingasögurnar og Noregskonungasögur. Varð ég mér úti um þær hvar sem ég gat. Sumt var til á heimilinu en margar lánaði sóknarpresturinn mér, prófastur Jón Þórðarson á Auðkúlu, eitthvert mesta ljúfmenni sem ég hitti í bernsku.



Til marks um lítillæti hans og góðvild við mig má geta þess að eitt sinn þegar ég var 13 ára varð ég svo hrifinn af kirkjuræðu hans 2. sunnudag eftir páska að ég dirfðist að biðja hann að lána mér ræðuna að lesa og gerði hann það.

Sumar sögurnar fékk ég á öðrum bæjum: Landnámu í Tungunesi hjá Erlendi oddvita Pálmasyni, menntafrömuði og framfaramanni mestum um þær slóðir. Þá fékk ég Noregskonungasögur á Tindum hjá Jónasi Erlendssyni ömmubróður mínum. Heimskringla og Snorra-Edda voru til heima og svo Njála.

Við drengirnir lású þessar sögur og lærðum marga kafla nær orðréttu. Snjókarla gerðum við, gáfum þeim nöfn og börðumst við þá og ég man að við lærðum eitt sinn orðatiltæki réttarmálsins og lagaþulurnar í Njálu og lékum þingið mikla eftir Njálsbrennu.

Af öllum fornaldarkonum dáðist ég mest að Guðrúnu Ósvífursdóttur. Hún varð að virkilegri mynd í huga mér þegar ég las um víg Bolla og Helgi Harðbeinsson þerraði blóðið af öxi sinni á blæju hennar, en hún leit til hans og glotti við. Mér fannst ég sjá hana í ægilegri tignarfigurð.

Ég náði aðeins í brot úr Heimskringlu. Það var Ynglingasaga og nokkrar fleiri. Þetta brot endaði á Hákonarmálum og lærði ég þau utan að og var mjög hrifinn af þeim.

Biskupasögurnar heyrði ég lesnar og las nokkuð í þeim, en þær urðu mér ekki eins kærar og hinar nema saga Jóns helga Ögmundssonar; að honum dáðist ég mest.

Á þessum árum allærði ég kverið og gekk alla þrjá veturna til spurninga hjá prófastinum.

Á miðju þessu tímabili missti ég föður minn. Hann var þá að smíða Svínvatnskirkju en dó frá henni ófullgerðri. Hann fór á jólaföstu út í Höfðakaupstað á Skagaströnd en lagðist á heimleið og andaðist á aðfangadag jóla að Höskuldstöðum á Skagaströnd hjá vini sínum Eggerti O. Briem og var jarðaður þar.

Erlendur í Tungunesi tók mig það sem eftir var vetrar og gaf mér forskrift og fór ég þá fyrst að draga til stafs. Og einnig lærði ég þar dálítið að reikna.

Mamma hélt áfram að vera í húsmennsku á Svínavatni, en á þrettándanum næsta vetur lagðist hún í rúmið og lá rúmfast næstu 8 árin. Af þessu og líka vegna féleysis varð svo heimili okkar að uppleysast um vorið 1881. Ég var þá 13 vetra.

Ingvar Þorsteinsson mikill sæmdarbóndi og hreppstjóri í Sólheimum tók mömmu til sín og lá hún þar í nokkur ár. Jónas á Tindum tók Kristínu þriggja ára systur mína að sér og

Þórður móðurbróðir minn tók Pál bróður minn 5 ára gamlan. Ég átti svo að fara í vist og verða smali. Ég kveið ákaflega fyrir því að fara til vandalausra, bæði af því að ég hræddist orðið „vandalausir“, því það hafði svo oft verið sagt við mig þegar ég lá í bókum í staðinn fyrir að gera eitthvert handarvik: „Þú kæmist ekki upp með þetta hjá vandalausum, og svo af hinu, að mér var svo ósýnt um kindur og allt er að fjárgeymslu laut.“

Bernskan var liðin og æskan var að renna upp, en dimmt var yfir þeim tímamótum. **1878**

... ímyndunarafl mitt á flugferð

Á Síðu bjó þá bóndi sem hét Magnús Bergmann Jónsson og kona hans hét Ingibjörg Jónsdóttir frá Helgavatni. Magnús á Síðu var hreppstjóri í Engihlíðarhreppi og bjó snotru en litlu búi að Síðu. Til þessara hjóna fór ég í vist og hafði aldrei áður séð þau né um þau heyrt talað. Var í mér kvíðahrollur.

En ég var mjög lánsamur. Reyndust þau hjón mér sem bestu foreldrar í öllu. Þau voru bæði vel greind og lesin og vel að sér. Ég var látinn sitja yfir ánum í dalverpi einu uppi í fjöllunum. Það voru eitthvað um 50–60 ær. Mér leiddist í hjásetunni og það húsmóður mína um þrjóna og bætti það talsvert úr einverunni. Ég stundi einu sinni upp með hálfum hug við húsbóndann hvort ég mætti hafa bók með mér og leyfði hann það með því skilyrði að ég glataði ekki fénu. Ég fann þar í bókaskáp hans nýstárlega bók; það var Goðafraedi Grikkja og Rómverja eftir Stoll, þýdd af Steingrími Thorsteinsson. Ég fékk að hafa hana með mér.

Þá breyttist allt. Þar uppi opnaðist mér nýtt útsýni, fullt af fegurð og ljóma. Ég las og las og allt loftið í kringum mig varð fullt af grískum guðamyndum. Til þess að missa ekki af leyfinu stundaði ég hjásetuna svo vel að aldrei vantaði hjá mér. Þegar ég gat ekki lesið og varð að reika um eftir ánum var ímyndunarafl mitt á flugferð. Lifði ég þá í hinu lesna eða ég bjó til langar skáldsögur um framtíð mína. Þessir dagdraumar og loftkastalar voru mér mikil fróun og stytta margar stundir.

Ég lærði af þessu að það væri óþarft að láta sér nokkru sinni leiðast og alltaf væri eitthvað sem unnt væri að skemmta sér við. **1881**



Aðdragandi mennta- brautarinnar

Síðari hluta vetrar bjó ég mig undir ferminguna og gekk til prestsins. Það var mjög sólbjartur tími. Vorið var hið besta fram að kóngsbænadegi (fjórði föstudagur eftir páska), en þá dimmdi að bæði fyrir mér og öðrum.

Á kóngsbænadaginn gekk ég ásamt fleira fólki fram að Holtastaðakirkju til þess að vera þar við fermingu. Það var sólríkur vordagur í norðlenskri fegurð. Á leiðinni heim vorum við samferðafólkið full af gleði og kátínu, þangað til við komum upp á hálsdragið fyrir utan Breiðavað þá þögnuðu allir allt í einu. Húnaflói blasti við sjónum okkar bjartur og tignarlegur, en inn með Ströndum, að vestanverðu við flóann, sáum við læðast hvíta rönd. Við vissum að það var hafisinn að koma. Þá hljóðnaði öll kæti.

Næsta dag var fjörðurinn allur hulinn ís, nær því vakarlaust, og lá ísinn þar allt til höfuðdags (29. ágúst).

Þá komu þrautatímar. Engin skip voru komin, kaupstaðirnir matarlausir, og ótíð hin mesta kom yfir allt Norðurland og lá nærri hungri og sveltu af vistaskorti. Miklir hvalrekar bættu að nokkru úr neyðinni. Það snjóaði einhvern tíma í hverri viku og varð grassprettu ill og nýting verri; lambadauði var mikill og allt þetta lá eins og farg yfir öllum. Undir þessum kringumstæðum var ég fermdur á hvítasunnudag. Þá var nær alhvítt.

Fermingardagurinn var mjög einkennilegur og ég var einmana. Faðir minn lá í gróf sinni við kirkjuvegginn og móðir mín lá veik í fjarlægri sveit. Ég var mjög hrærður undir fermingunni og altarisgöngunni og var hálf utan við mig þegar ég kom úr kirkjunni. Presturinn kallaði á mig inn til sín og fór með mig inn í helgidóm sinn, bókaherbergið. Þar gaf hann mér þrjár bækur, Stafróf náttúruvísindanna, þá nýlega útkomnar, og talaði við mig huggandi uppörvunarorðum. Eftir ferminguna varð ég afar þunglyndur og kvíðinn. Mér fannst ég hafa gengið undir svo mikla skuldbindingu og fann hve ófær ég var að geta gert skyldu mína við guð og menn. Ég sökkti mér niður í guðsorðabækur, las í biblíunni og Diarium Hallgríms Pétursonar og fleiri gömlum bókum, en það jók allt á hugsýki mína.

Svo í júní komu mislingarnir og lögðust allir á heimilinu nema húsmóðirin og ég. Skömmu áður en veikin kom hafði allur bærinn verið rif-



Séra Friðrik 19 ára.

inn niður og var byrjað á hleðslu nýja bæjarins. Svaf fólk á meðan í fjárhúsum, karlmenn í einu og kvenfólk í öðru; í þriðja voru matar- og eldataeki. Þetta var óskaplegur tími, en hann var að því leyti góður fyrir mig að ég gleymdi sjálfum mér þegar ég varð að vera á ferli milli húsanna og hjálpa þeim sjúku, gæta fjárens og gera allt. Ég fékk engan snert af sýkinni, en eftir þær þrjár vikur sem hún stóð yfir var ég mjög þreyttur og þá kom hugsýkin aftur með nýjum krafti. Húsbændur mínir gerðu allt sem í þeirra valdi stóð til að gleðja mig. Húsbóndinn tók mig í skemmtiferð út í Höfðakaupstað, en það kom fyrir ekki. Ég ranglaði kringum féð í hjásetunni, en allir dagdraumar voru dökkir og svartir. Ég hugsaði mikið um framtíð mína, hve ömurleg hún yrði á smalaþúfunni án þess að fá að læra nokkuð eða komast áfram í heiminum.

Seinna um sumarið, í öndverðum ágústmánuði, sendi guð mér hjálp.

Arni Hallgrímsson hafði verið mikill vinur föður míns. Hann var þetta sumar við smíðar á Höskuldstöðum. Skömmu eftir mislingana tók hann mig tali einn sunnudag við kirkju. Sagði hann mér að ég ætti náinn frænda norður í Gönguskörðum, sæmdarbóndann Stefán Stefánsson á Heiði, og stakk upp á því við mig að



koma með sér þangað norður í kynnisför og bauð mér hestlán og farartæki. Ég tók því fjarri og sagði að húsbóndi minn mætti með engu móti missa mig frá fjárgeymslunni um hásláttinn. Ég nefndi þetta alls ekki við húsbændur mína, en fyrir undarlegt atvik komust þau að þessu og sendu mig nauðugan af stað.

Stutt dagleið yfir fjöllin

Það er stutt dagleið yfir fjöllin norður í Gönguskörð. Árni skildi mig eftir á Heiði en fór sjálfur lengra og ætlaði á þriðja degi að taka mig á bakaleiðinni með sér. Sonur Stefáns, Stefán yngri, síðar skólameistari, var þá í fjórða bekk Latínuskólans og var heima við slátt um sumarið. Hann var mér ljúfur sem yngra bróður, varð mér hin mesta skemmtun að vera með honum þann dag sem ég var um kyrrt. Hann sýndi mér blóm og jurtir og talaði við mig um ýmsan fróðleik. Hann var mjög glæsilegur ungur maður og dáðist ég að honum. Gamli Stefán gaf sig líka mjög að mér og áður en við skildum bauð hann mér að koma til sín næsta vor og mundi hann greiða mér veg til nokkurrar menntunar.

Annan í hvítasunnu vorið 1883 kvaddi ég með þakklæti mína góðu húsbændur á Síðu og féll þungt að skilja við þá. Mér var tekið opnum örmum á Heiði. Ég var þar um sumarið og gekk að ýmsum verkum. Það hafði mikla þýðingu fyrir mig að vera samvistum við Stefán frænda minn sem þá hafði lokið fjórða bekkjar prófi. Hann var svo menntandi í samræðum og hann leiðbeindi mér vel og opnaði augu mín fyrir ýmsu í náttúrunni, einkum því sem laut að grasfræði. Hann leiddi mig inn í leyndardóma plöntulífsins og lét mig safna blómum fyrir sig og var ég fullur af áhuga og gleði yfir þessu. Þá um sumarið las ég *Verðandi*. Sérstaklega dáðist ég að kvæðum Hannesar Hafstein og lærði sum af þeim utan að. Ég las líka bók af annarri tegund sem gagntók mig mjög. Það var *Klostocks Messias*. Ég las hana um túnasláttinn meðan ég var að borða. Lá hún þá alltaf opin á koddanum hjá mér. Það var síður að fleygja sér eftir mat og notaði ég þann tíma til lesturs.

Um haustið vorum við Stefán yngri við slátt úti í litlum dal nálægt Heiðarseli og slógum fram í myrkur. Á leiðinni heim, það var alllangur gangur, notaði Stefán tímann til þess að fræða mig um það sem að málmyndalýsingu laut. Hann byrjaði á því að skýra mér frá hvernig

heimfæra má orðin í málinu til níu flokka og lýsa fyrir mér hverjum flokki út af fyrir sig. Þá reis upp afar glæsileg mynd í huga mínum. Málið varð fyrir mér sem stórfelld höll með stórum söllum og minni herbergjum. Þar var nafnorðasalurinn glæsilegur með miklu útflúri af tölum, kynjum og föllum. Þá kom greinisherbergið og inn úr því var gengið í lýsingarorðasalinn með þremur hækkandi gólfpöllum o. s. frv. Upp frá því var ég allur í þessu og hvort sem ég var við slátt eða smalamensku um haustið, eða reiða á tún, þá var ég alltaf að „hneigja“ og „beygja“. Engin kennsla hefur orðið mér eins lifandi og þessi og bý ég að henni allt fram á þennan dag.

Næsta vetur las Stefán utan skóla fyrir tvo bekki til þess að verða stúdent um vorið. Hann var um veturinn á Helgavatni í Vatnsdal og las þar. Þar bjó Jórunn, ekkja Frímanss bónda Ólafssonar, en hún var móðir Steinunnar er síðar varð kona Stefáns. Á Helgavatni var ég allan fyrri part vetrar og kenndi Stefán mér dönsku og íslensku. Hann var ágætur kennari. Öll umgengni hans var svo menntandi og fræðandi að þessum vetrarkafla á ég mikið að þakka.

Um miðjan vetur fór ég aftur heim að Heiði og var þar fram úr. Ég las áfram dönsku upp á eigin spýtur og lærði það sem ég gat. Um vorið fór ég að vinna að almennum vorverkum.

Það vor flutti Stefán á Heiði niður að Veðramóti.

Stefán yngri Stefánsson sigldi það sumar til Kaupmannahafnar til náms við Háskólann. Bæði það og að mestu harðindaár gengu þá yfir, ollu því að Stefán bóndi gat ekki hjálpað mér meira, og skorti hann þó ekki viljann til þess, því engin gleði var honum stærri en að hlynna að menningu ungra manna.



Stefán Stefánsson, bóndi á Heiði í Gönguskörðum (1831–1903).



Stefán skólameistari Stefánsson, frá Heiði í Gönguskörðum (1863–1921).



Stefán Örn Stefánsson, ættaður frá Heiði í Gönguskörðum, og smalahundurinn Gáski. SÖS þýddi „Hyrdehunden“, Smalahundinn eftir Sr. Fr. og las flest handrit ritstjóra.



Nú stóð ég aftur svo að mér virtust öll sund lokuð og allt ófært, en þá kom maður ríðandi neðan dalinn. Sá hafði bréf til mín. Það var frá Zophoníasi Halldórssyni að Goðdölum. Hann bauð mér heim til sín um veturinn til þess að kenna mér undir skóla.

Þetta var meira en lítil gleði að fá að vera hjá manni sem ég leit upp til og þótti vænt um frá bernskutímanum. Tveim dögum seinna lagði ég af stað fram að Goðdölum. Um vorið taldi séra Zophonías mig færan um að ganga inn í fyrsta bekk Latínuskólans. En það strandaði á því að ég hafði engin efni á að fara suður. Gamli Stefán á Heiði hafði fengið nokkra frændur mína til þess að lofa að kosta mig í skóla, hann og þeir í sameiningu. En þeir settu upp það skilyrði að ég kæmist í 2. bekk.

Séra Zophonías gat ekki hjálpað mér meira. Svo fór ég út í sveit og fékk mér kaupavinnu á Húsabökkum móti því að ég skyldi fá að vera þar um veturinn. Þar var ég um sumarið við slátt. Húsabakkabærinn stendur á bökkum Héraðsvatna, beint á móti Hegransinu. Þar er ekkert tún en staraflooi mjög grösugur og stóð maður í vatni við sláttinn upp í mitt læri og dýpra stundum. Ég undi mér þar hið besta. Og var það ráðgjörð mín að lesa þar kennaralaust undir 2. bekk.

Ég varð mér úti um nokkuð af bókum en vantaði þó margar. Lesturinn fór því í hálfgerðum handaskolum, nema latínan, hana las ég mest. Einn mánuð var ég hjá Árna Jónssyni héraðslækni. Mamma og hann voru systkinabörn og bauð hann mér að vera hjá sér þennan mánuð. Samt gekk nú ekki kennslan hið besta því lækurinn varð að ferðast svo mikið. En vináttu hans eignaðist ég og ævinlega tryggð hans. En það allra merkilegasta sem fyrir mig kom á þessum mánuði var það, að ég las *Manfred* eftir Byron lávarð í hinni snilldarlegu þýðingu eftir Matthías Jochumsson. Ég las hann fjórum sinnum þá um mánuðinn og hefur engin bók gert meiri skurk í sálarlífi mínu en hún.

Séra Zophonías rannsakaði nú rækilega ...

Á útmánuðunum fór ég eitt sinn yfir að Ríp í Hegransi og bað prestinn þar séra Árna Þorsteinsson að lofa mér að koma til hans einu sinni á viku með þá staði í latínu sem ég ekki væri viss um að skilja rétt. Hann veitti mér það góðfúslega

og kom ég á hverjum miðvikudegi meðan Héraðsvötnin voru á ís. Hann og kona hans reyndust mér framúrskarandi vel og eitt sinn var ég þar 2 vikur samfleytt. Kona hans var Ingibjörg Sigurðardóttir frá Þerney. Ávallt síðan var það eins og að koma í foreldrahús að koma til þeirra.

Allan maímánuð það vor var ég til skiptis í Bakkakoti hjá Jóni Jónassyni og Stefáni Hjálmarssyni á Bústöðum. Gáfu þeir mér að borða þennan tíma svo að ég gæti gengið yfir að Goðdölum til séra Zophoníasar til yfirheyrslu og stíllagerðar. Fór ég alltaf á kláf yfir Jökulsá vestri. Síðan flutti séra Zophonías frá Goðdölum til Viðvíkur.

Þá fór ég að leita mér að vinnu en það var erfitt því vorið og sumarið var mjög hart. Ég var svo á hálfgerðum flækingi, viku og viku í stað í kaupavinnu, og hafði sama sem ekkert upp úr því; peninga var ekki að fá. Ég fór svo að hallandi miðju sumri út í Hjaltadal, þar sem nokkrir af frændum mínum voru sem höfðu dregist á að hjálpa mér og vildi ég vita hvort þeir vildu hjálpa mér til suðurferðar um haustið. Þeir vildu vita hvort ég gæti komist í 2. bekk og báðu mig að fá álit séra Zophoníasar. Ég fór svo til Viðvíkur og átti þar vinum að fagna.

Séra Zophonías rannsakaði nú rækilega lærdóm minn og bar hann saman við skólaskýrslur. Mig vantaði þá margt sem lærast átti og fékk ég það vottorð að ekki væri unnt að ég stæðist próf upp í 2. bekk. Vildu þá frændur mínir ekki styrkja mig.

... gaf hann mér 10 krónur

Ég impraði á því að gaman væri þó að reyna hamingjuna, en þeir sögðu að færi ég suður, væri það ekki á þeirra ábyrgð og væri þá lokið aðstoð frá þeirra hendi. Þeir urðu auðvitað fegnir að losna við mig því óáran var hin mesta og féleysi.

Ég fór þá til Þórðar móðurbróður míns að Breiðargerði. Þar lá móðir mín og hafði Þórður tekið hana að sér. Ég var þar nokkra daga áður en ég kvæði upp úr með það að fara suður. Svo lagði ég af stað snemma í september til Sauðárkróks, til þess að ná í eimskipið „Thyru“ sem átti að koma þar 9. september. Ég var búinn út að fatnaði og plöggum eftir bestu föngum en í peningum hafði ég aðeins 5 krónur. Ég kom til Sauðárkróks og fékk að vera hjá séra Tómasi Þorsteinssyni og konu hans, meðan ég biði eftir skipinu. Ég var þar hálfgerð huldur höfði því allir



frændur og vinir voru á móti því að ég færi. Ég lét hvorki Stefán gamla á Heiði eða Björn á Heiði, né heldur Árna lækni vita neitt um þetta áform.

... tók mér lestarpláss til Reykjavíkur

Koma skipsins dróst til hins 15. Einn af biðdögum kom sýslumaðurinn, Jóhannes Ólafsson, til séra Tómasar. Ég þekkti hann ofurlítið. Hann spurði mig um ferðalag mitt og hafði ég enga ástæðu til að leyna hann því og sagðist vera á suðurleið. Er hann fór gaf hann mér 10 krónur. Það var stórfé fyrir mig.

Svo kom skipið. Það fór um mig hrollur er það blés. Ég fann að ég var að ráðast í ofurefli. Ég fór um borð og tók mér lestarpláss til Reykjavíkur. Við vorum lengi á leiðinni, en mér leið ljómandi vel og var glaður í anda.

Það sem í öllu þessu hélt mér uppi og knúði mig áfram var von sem ég ól í brjósti mínu, enda þótt hún væri frámunalega barnaleg. Ég vissi að Þórhallur Bjarnarson var orðinn kennari við prestaskólann, þá ungur og ókvæntur. Ég byggði alla mína loftkastala á honum. Á skipinu hafði ég dreng að annast um. Það var náfrændi minn, Jón Benediktsson, systursonur Árna læknis og Bjargar konu Markúsar skólastjóra Bjarnasonar í Reykjavík. Þau hjón ætluðu að taka hann að sér og var ég beðinn að leiðbeina honum. Það sem gerði ferðina enn skemtilegri var að séra Árni Þorsteinsson og kona hans voru þá að flytja sig búferlum suður að Kálfatjörn og voru þau samferða.

Ég skoðaði Kirkjugarðinn og dáðist að blómskrúði hans

Svo komum við loks á Reykjavíkurhöfn og fórum í land. Það var komið rökkur er í land var komið og fannst mér mikið til um þá ljósadýrð er fyrir augun bar. Ég spurðist fyrir um Doktors-húsið því þar átti ég að skila af mér drengnum. Þar fengum við bestu viðtökur og borðuðum þar kvöldverð. Björg útvegaði mér næturgistingu í húsi niðri á Vesturgötu því svo margir gestir voru hjá henni sjálfri að hún gat ekki hýst mig.

Næsta morgun fór ég svo að skoða bæinn og

furðuverk hans. Ég átti 61 eyri í buddunni. Það var allt sem ég átti í peningum. Ég keypti mér eina bollu og 1/4 pd. af púðursykri og fór upp fyrir Skólavörðu til þess að borða það.

Í eitt hús kom ég þá um daginn. Það var Þerneyjarhúsið við Kirkjustræti. Þar bjó Gróa frá Þerney með dætrum sínum, systurum frú Ingibjargar, konu séra Árna. Þar fékk ég kaffi með fínum kökum.

Ég skoðaði Kirkjugarðinn og dáðist að blóm-skrúði hans. Ég fann mér þar góðan skjólstað milli tveggja leiða og þar var ég um nóttina. Vaknaði kl. 5 með hrolli og skjálfta og hljóp út á mela að hita mér. Svo reikaði ég um bæinn þann dag fram að rökkri og kom hvergi inn. Ég var að treina mér vonina. Loksins um kvöldið kl. 6 tók ég hugrekki til mín og fór inn til Þórhalls dós-ents. Hann tók mér með mestu ljúfmennsku og kannaðist við ætterni mitt.

Ég spurði hann hvort hann vildi vera fjárhaldsmaður minn ef ég kæmist inn. Það kvaðst hann ekki geta og færði ástæður fyrir því. Svo kvaddi ég og fór út. Ég varð allt í einu svo máttlaus í hnjáliðunum að mér fannst ég varla geta gengið. Allir mínu mörgu loftkastalar höfðu hrunið.

Allt var fullt af bókum

Ég reikaði upp Austurstræti og inn á Lækjargötu. Þar gnæfði Latínuskólinn í allri sinni tign, endimark vona minna. Ég tók allt í einu kjark í mig og hugsaði að best væri samt að tala við rektor. Það brakaði hátíðlega í stiganum og hvert fótatak bergmálaði um allan ganginn; ég var að því kominn að flýja. Þá kom Margrét fósturdóttir rektors fram á gang og spurði ég þá um rektor. Hún fylgdi mér inn til hans. Hann sat við borð með bækur fyrir framan sig. Allt var fullt af bókum.

Hann bauð mér sæti og spurði að erindi. Ég sagði að mig langaði til að ganga undir próf til 2. bekkjar. Þá fór hann að spyrja um lærdóm minn og hag og er ég hafði leyst úr því sannleikanum samkvæmt þá leist honum ekki á og þó hafði ég ekki getið um hið versta, það að mig vantaði algjörlega eða því sem næst nokkrar námsgreinar. – Hann sagði: „Ég hef nú aldrei á ævi minni vitað aðra eins bíræfni og heimsku eins og þetta!“ og hann fór fleirum orðum um það og lét í ljós undrun sína á því að mér hefði verið sleppt út í þessa ófæru. Ég sagði honum þá að ég ætti engan forráðamann og ekki einu sinni Árni læknir hefði af þessu vitað. Er hann heyrði um



skyldleika okkar Árna þá stóð hann upp og gekk út af skrifstofu sinni og lét mig þar eftir.

Þá lögðust yfir mig einhver þyngsli; ég lét höfuðið síga niður á höndina á mér fram á borðið.

... ró örvæntingarinnar

Ég sá allt mitt ástand eins og það var og varð að játa að rektor hefði rétt í öllu sem hann hafði sagt. Algjörlega félaus, styrktarmannalaus, með engin meðmælabréf eða vottorð, engan kunnugan í Reykjavík og þar að auki verr staddur með lærdóminn heldur en rektor vissi af. Hvar átti ég að vera og af hverju að lifa þangað til prófið kæmi og jafnvel þótt ég kynni að komast upp - sem engin líkindi voru til - hvað tæki þá við? Þetta voru einhver allra þyngstu augnablik, sem ég hef átt á allri minni ævi.

Ég heyrði fótatak og rétti mig upp. Það var kominn yfir mig ró örvæntingarinnar. Rektor kom inn. Hann tók bók úr skápnum og sagði að hann vildi vita hvort ég kynni nokkuð í latínu. Það var kennarabókin. Hann hitti á söguna: „Viator et serpens“. Á leiðinni suður hafði ég mér til dægrastyttingar verið að læra ýmsar sögur úr bókinni utan að og var þetta ein af þeim.

Ég las hana og lagði hana út og svaraði spurningum eins kaldur og rólegur eins og ég væri einn. Ég held ég hafi aldrei staðið mig betur í latínu en þá. Rektor sagði: „Ef þú ert eins fær í öðru, þá kvíði ég ekki fyrir þér“; síðan bauð hann mér að koma inn í stofu að heilsa frúnni sem langaði til að spyrja um Árna lækni bróðurson sinn.

Frúin tók mér mjög hjartanlega og eftir nokkra stund bauð hún mér að borða kvöldverð, því það var rétt um það leyti. Og er hún heyrði að ég hafði engan stað fengið, kallaði hún á Gísla dyravörð og bað hann að láta mig fá rúm í Langalofninu þangað til skóli yrði settur og heimasveinar væru komnir.

... ég sat við minn keip

Þá nótt svaf ég í Langalofninu og fannst mér ég vera á helgum stað. Næsta morgun sagði rektor mér að ég ætti að borða þar þangað til prófi væri lokið. Þá viku sem eftir var til prófs reyndi ég að lesa dálítið. Mig vantaði alveg stærðfræði og ensku hér um bil. Innganginn að Granskovslandafraedi Lisko og Íslandssögu Þorkels Bjarna-

sonar las ég. Rektor vildi að ég tæki próf upp í fyrsta bekk en ég sat við minn keip. Ég kynntist fólki dálítið á þessum dögum. Ég kom oft í Þerneyjarhúsið og fékk þar ætíð bestu viðtökur. Þar kynntist ég Sigurði syni Helga snikkara Helgasonar og tók hann mig heim með sér og þar heyrði ég í fyrsta sinni leikið á píanó. Það var March Napoleons yfir Alpana og varð ég mjög hugfanginn af.

Tveim dögum fyrir prófið fór ég um borð í timburskip norskt og talaði við skipstjóra og spurði hvort hann þyrfti ekki vikadrengr á skipinu. Hann kvað nei við og spurði hvernig á mér stæði. Ég sagði honum - eins vel og ég gat bablað dönsku - að ég byggist við að falla á prófi, og ef svo yrði, þá vildi ég ekki snúa aftur til áttahanna. Hann var mér góður og hét að taka mig ef þess þyrfti. Þetta hughreysti mig mikið því mér fannst að ég hafa bakhjarl ef illa færi.

Guðmundur Hannesson (prófessor), sem þá var í 6. bekk, fór með mér í gegnum geometriuna daginn fyrir prófið. Að öðru leyti hugði ég að láta reka á reiðanum. Ég fór samt um kvöldið inn til adjunkts Björns Jenssonar og sagði honum frá hvernig ég stæði að vígi í reikningnum. Hann kvaðst enga undanþágu geta veitt mér en hét því að fara eins vel með mig og hann gæti. Ég yrði að vera kaldur og rólegur og nota það sem ég kynni í reikningsbók Eiríks Briem eins vel og ég gæti. Hann fylgdi mér til dyra og taldi kjark í mig. Upp frá því þótti mér ávallt vænt um hann. Mér varð ekki svefnsamt um nóttina.

„Hin rósingraða morgungyðja“

„Hin rósingraða morgungyðja“ reis upp þann morgun og fann mig vakandi. Hinn mikli fyrsti október var kominn. Á hádegi var skóli settur og skrifleg stærðfræði var fyrsta prófgrein kl. 3.

Ég fékk dæmi úr rúmmálsfræði. „Í þríhyrningi er hornið C þrisvar sinnum minna en hornið B og hornið B helmingi minna en hornið A“.

Ekki vissi ég hvernig átti að setja dæmið upp en Guðmundur Hannesson hafði innprentað mér svo vel að summa hornanna í þríhyrningi væri 180° og það bjargaði mér. Ég setti minsta hornið 16° og fann að það var of lítið og færði mig upp og fann að það hlaut að vera 18° en kom samt upp um fáfræði mína með því að skrifa niður mína aðferð. Á líkan hátt var með



hitt dæmið úr „félagsreikningi“. Ég fékk samt 3,33 fyrir. Latneska stílinn „gerði ég upp á 4“ og danska stílinn 4,33

Næsta dag var munnlega prófið. Við vorum tveir sem próf tókum upp í 2. bekk ég og Vigfús Þórðarson (prestur á Eydölum) og fjórir tóku próf til fyrsta bekkjar. Við gengum frá einum bekk til annars og allur dagurinn var eins og í draumi. Ég var viss um að ég mundi falla en það var eins og hamingja hvíldi yfir mér í öllu. Ég hafði lesið þýsku án nokkurrar tilsagnar; verið búinn með hana fyrir jól veturinn áður og síðan ekki litið í hana, nema hvað ég hafði notað eina sögu úr þýsku bókinni (Kaper) sem efni í latneskan stíl um vorið og við það festist hún í minni mínu. Ég kom upp í þeirri sögu og fékk mjög góða einkunn. Eins var í dönsku. Þar kom ég líka upp í sögu sem ég hafði snúið á latínu. Í sögu var ég heppinn - kom upp í Alexander mikla. Ég hafði lesið í annarri bók um Alexander og notaði það til þess að teygja tímann og losnaði þannig við að koma upp í Íslandssögu Þorkels Bjarnasonar sem ég hafði aldrei séð.

Enskan var vondur þröskuldur; því í henni hafði ég aðeins lesið *Vesturfaratúlk* Jóns Ólafssonar, en mátti til að ganga upp í því sem lesið hafði verið um veturinn. Ég fékk 3 í enskunni og átti víst svo góða einkunn að þakka lipurleika og veglyndi Geirs kennara Zoëga. Seinasta prófið var í stærðfræði og þar leiddi Björn sálugi Jensson mig svo snilldarlega að ég lafði í 3. –

Ég fleygði mér þar niður og grét af gleði

Meðan verið var að leggja saman gekk ég út á ganginum, viss um að ég hlyti að falla og einsetti mér að taka því karlmannlega, meðan aðrir sæju. Svo var kallað saman inn í fyrsta bekk til þess að heyra árangurinn. Rektor las upp; það voru „afarspennandi“ augnablik. Vigfús Þórðarson var lesinn upp og fékk að mig minnir 4,39 svo kom röðin að mér. Rektor sagði: „Friðrik Friðriksson hefir fengið 4,06 og álist tækur fyrir annan bekk“. Þá fór allt að hringsnúast fyrir mér; mér fannst himinhvolfin og rektor líða af stað og allt fast og laust í bekknum. Mig svimaði og ég riðaði, fann að einhver piltur tók utan um mig og barst svo með strauminum fram á gang, komst út í skúr, náði í ausu og drakk vatn úr tunnunni; hresstist við það og þaut svo út og alla leið upp fyrir Skólavörðu. Ég fleygði mér þar



Heiði í Hönguskörðum 1921. Ljós. Sveinbjörn Jónsson.

niður og grét af gleði og hinni óvæntu hamingju. Ég þakkaði Guði, því að ég fann að þetta ómögulega var orðið mögulegt með hans hjálp. Svo gekk ég niður í skóla til kvöldverðar. Rektor kom fram í borðstofu og rétti mér höndina: „Ég óska þér til hamingju - þú komst með sóma upp í annan bekk“.

Þeim orðum gleymi ég aldrei.

1882

Fyrstu kynni af KFUM

Séra Friðrik kynntist KFUM fyrir tilviljun í Kaupmannahöfn í ársbyrjun 1895

... var kliður eins og í réttum. Þar var fullt af drengjum, voru sumir að tefla, sumir að skoða myndablöð, sumir að ganga saman og tala. Ég varð alveg forviða yfir þessari sýn. Aldrei hafði mér dottið í hug að hægt væri að safna saman [...] svo mörgum [...] drengjum af svo ólíkum stéttum ...

Þegar ég kom heim um kvöldið var öll mín sál sem í uppnámi; ég sá fyrir mér þennan drengjaskara og söngur þeirra hljómaði mér enn fyrir eyrum. Fyrir sálarsýn minni reis upp herskari af slíkum sveitum í þjónustu konungsins mikla ...

1895

Ég hafði fundið markmið mitt í heiminum

Ferðin heim (frá Kaupmannahöfn í ágúst 1897) varð mér hin ánægjulegasta. Fengum við besta veður og sjólaust. Mér þótti gaman að koma aftur til Edinborgar; en miklaðist ekki umferðin eins og í fyrsta skiptið sem ég kom þar. Ég heim-



Einn bræðranna sem Séra Friðrik mætti í Bakarabrekkunni var Jón Kristjánsson, síðar prófessor. Jón tók (1914) á erfðaleigu land í Vatnsmýrinni sem hann girti og ræktaði. Jón gaf landinu nafnið Hlíðarendi.

sótti KFUM í St. Andrews Street og var mér vel tekið. Hét sá Mr. Brown sem var framkvæmdastjóri og var dæmalaust viðfeldinn og ljúfur maður. Ekki var ég þar á neinni samkomu.

Svo sigldum við frá Edinborg í mesta blíðskaparveðri í gegnum sundið milli Skotlands og Hjaltlands. Það var í fyrsta sinn sem ég hafði farið þar. Ég var mjög hrifinn að sjá gamla sögu- staði á bæði borð. Ég sá í anda gamlar víkinga- ferðir um þær slóðir og forfeður Íslendinga sem börðust þar á landi uppi og unnu sér fé og frama. Hugsaði ég mér að ég sæi siglingu Unnar djúpúðgu sem eftir fall sonar síns komst undan með allt skyldulið sitt til Orkneyja og þaðan til Íslands, fyrsta kristna konan sem kom til Íslands.

Þaðan sigldum við beint til Íslands og komum ekki við í Færeyjum. Hlýnaði mér um hjartarætur þegar ég sá sólroðna jöklana gægjast úr hafi. Ekkert bar til tíðinda fyrr en komið var til Reykjavíkur 27. ágúst, kl. 5 eða 6 síðdegis. Ég fékk mér far í land og gekk upp í bæinn. Fannst mér allt vera miklu minna en ég hafði átt von á. Hús sem ávallt höfðu staðið fyrir mér sem stórhýsi voru nú lág og lítil.

Áður hafði mér fundist sniðskorna hornið á Eymundsenshúsinu vera svo himinhátt en nú

fannst mér ég gæti næstum því lagt höndina þar upp á. Ég gekk yfir brúna á læknum og upp Bakarabrekkuna. Þar rétt fyrir neðan Bernhöftsbak- arí komu þrír drengir á móti mér ríðandi. Sá sem á undan reið nam staðar. Ég þekkti hann óðar og gekk að hesti hans til að heilsa. Hann beygði sig niður og lagði aðra höndina um háls mér og kyssti mig. Það fór fagnaðarylur um mig. Mér fannst Ísland vera að bjóða mig velkominn en leit þó flóttalega og hálfheiminn kringum mig, eins og þetta hefði borið við á götu í Kaupmannahöfn. Það var ósjálfráð hreyfing. Þetta var sá drengur sem ég unni einna mest í bænum og hafði skrifast á við meðan ég var í Kaupmannahöfn, Böðvar Kristjánsson. Með honum voru bræður hans Jón og Þórarinn og tóku þeir mér allir með blíðu og vinsemd.

Svo hélt ég áfram upp á Skólavörðustíg því ég vissi að mamma mín hafði herbergi á „Geysi“. Þegar ég kom þangað var hún ekki heima. Hún var í Viðey um sumarið. Mér var vísað upp á herbergi hennar í vesturenda loftsins og þar settist ég að. Ég var þar nokkrar nætur þangað til mamma kom heim. Það voru sólskinsríkir dagar.

Það hvíldi yfir mér mikil ró og fögnuður fyrir að vera kominn heim. Ég hafði fundið markmið mitt í heiminum og vissi að hverju ég ætlaði að stefna. Ég sá engan veg hvernig byrja ætti og hafði hugsað mér að fara að öllu hægt og gæti- lega. Starfið lá framundan, ég sá það í hillungum álangdar og lagði í Guðs hönd hvenær og hvernig það ætti að byrja.

1897



Áður en Séra Friðrik fór heim frá Kaupmannahöfn í ágúst 1897 vildi hann hitta eftirmann sinn. Þá hafði ekki verið ákveðið hver hann yrði.

Á leiðinni heim skrifaði ég lista yfir alla drengi í fimmtu sveit með lýsingu á þeim og leiðbeiningum um heimili þeirra og sendi það svo frá Reykjavík til þess sem verða mundi eftirmaður minn í „sveitinni“, og opið bréf sem kom prentað í blaði KFUM. Í því líkti ég starfi sveitastjóra við starf góðs smalahunds, eins og ég þekkti það frá smalatíð minni með Gáska mínum.

Smalahundurinn

Kæri bróðir í Kristi!

Hvort sem ég þekki þig eða hef aldrei kynnst þér bið ég þig taka við þessum línnum og hjálögðum athugasemdum um þá drengi, fyrir hvern sálir þú hefur nú verið skipaður hirðir.

Já hirðir segi ég, þó ekki sé það með öllu rétt.

**Hirðirinn er Jesús Kristur sjálfur.
Í verkinu erum við hundar hans.**

Fyrirgefðu ef orðið kemur illa við þig. Ég var einu sinni hirðir eða smali og þá kunni ég að meta hundinn sem fylgdi mér af tryggð, leitaði kindurnar uppi, gelti svo þær heyrðu til mín. Ég á ekki betri ósk til hópstjóra en að vera búinn góðum eiginleikum smalahundsins: Tryggð, þolgæði, þefvísi o.s.frv. Þegar smalahundur sér eitt lambanna vera að draga sig út úr hópnum lítur hann á húsbónda sinn, hirðinn eins og hann vilji spyrja: Á ég? Við minnstu bendingu þýtur hann af stað yfir stokka og steina og lætur ekki staðar numið fyrr en lambið er komið aftur í hjörðina.

Vel þjálfaður smalahundur gerir ekkert án þess að líta til hirðingjans og kanna vilja hans.

Sambandið milli smala og hunds er ætíð fallett.

Hundurinn liggur við fætur smalans ávallt reiðubúinn, ávallt húsbónda sínum hollur;

þó að smalinn sendi hann hátt til fjalls í steikjandi sólarhita eða brakandi frosti, urrar hann aldrei, því hann er ávallt hlýðinn. Komi hann svitastorkinn og með tunguna lafandi af þreytu úr kjaftinum og fái hann vingjarnlegt orð eða vinalagt klapp á kollinn lýsir gleðin úr augum hans, hann stekkur upp af kæti og þakklæti gagnvart smalanum. Verði hann fyrir skömmum, verði jafnvel barinn, leggur hann þó ekki á flótta, urrar ekki heldur skriður að fótum smala síns og heldur sig þar og tekur við kenningu sinni, treystir honum og er honum tryggur. Vel þjálfaður hundur þekkir fé húsbónda síns og sækir það upp til fjalla og niður í dali, eltir það fram á bjargbrúnir en lítur þó alltaf um öxl til að lúta stjórn húsbónda síns. Hann er fljótur að læra. Honum er ekki rótt fyrr en hann hefur náð öllu fénu í hús um kvöldið og er kátur þegar hann undir stjórn smalans hefur sparað honum margan sprettinn og margt sporið. Svona var hundurinn minn þegar ég var smali og þegar ég á leiðinni heim til Íslands leit yfir farinn veg í hópstarfi mínu sá ég að ég stóð honum langt að baki í starfi mínu undir stjórn hirðis. Ég skammaðist mín innilega fyrir að hundurinn undir stjórn ekki betri eða vísari hirðis en ég var, skyldi sýna mér meiri trúfestu en ég gerði gagnvart Herra og frelsara sem ég á allt upp að inna. Því það ég þess að eftirmaður minn í hópstarfinu mætti öðlast meira af eiginleikum hundsins en ég og gæti rækt köllun sína af meira þolgæði, visku, auðmýkt og guðsótta en ég.

Þinn hjartfólgni vinur og bróðir. Séra Friðrik

1897



Knattspyrnufélagið Valur

... kafli sem er mér einna hugljúfastur af minningum þessara ára; minningum sem reyndust drjúgum þýðingarmiklar fyrir mig seinna meir.

Það eru minningar um hvernig ég komst í kynni við knattspyrnuíþróttina. Nokkrir piltar komu til mín og spurðu hvort þeir mættu ekki stofna knattspyrnuflokk á grundvelli KFUM. Ég gaf samþykki mitt til þess með því móti að allt færi siðsamlega fram. Ég hafði aldrei haft aðra hugmynd um knattspyrnu en að hún væri hlaup á eftir knetti eða bolta sem sparkað væri í, svo að hann kæmist sem lengst, og hlypu menn svo hver í kapp við annan að ná knettinum. Ég þóttist sjá að þetta væri holl og góð hreyfing úti í vor- og sumarloftinu.

Að þetta væri reglubundin íþrótt datt mér ekki í hug.

Svo var félag stofnað 11. maí 1911.

Ég vissi varla um það og skipti mér heldur ekki af því. Í þessu voru margir af mínum bestu piltum sem ég treysti hið besta til allrar siðlegrar framkomu. Snemma í júní komu forstöðumenn flokksins og báðu um leyfi til að halda fund inni í litla sal eitt kvöld. Svo var fundurinn haldinn. Ég sat á lestrarstofunni að skrifa og heyrði aðeins ómínn af því sem talað var og einstaka orð.

Mér fannst á tóninum að eitthvað væri að og einhver gremja, mér datt ekki í hug að blanda mér í það en mér duldist ekki að eitthvert sundurlyndi ætti sér stað. Þegar fundurinn var að enda kom einhver til mín og bað mig um að koma inn og enda fundinn með bæn og guðs-orði. Ég gerði það og valdi nokkur vers úr 2. kap. bréfsins til Filippíborgarmanna:

Verið með sama hugarfari og Kristur

Fyrst Kristur veitir kjark, fyrst kærleikur hans uppörvar, fyrst andi hans skapar samfélag, fyrst þar ríkir hlýja og samúð gerið þá gleði mína fullkomna með því að vera einhuga, hafa sama kærleika, einn hug og eina sál. Gerið ekkert af eigingirni eða hégómagirnd. Verið lítillát og metið hvert annað meira en ykkur sjálf. Lítið ekki aðeins á eigin hag heldur einnig annarra. Verið með sama hugarfari sem Kristur Jesús var.

Ég talaði út frá þessu um samdrægni í leik og félagsskap og hvernig sérdrægni með monti og yfirgangi sundraði allri gleði í leik og lífi. Ég talaði um þá sem í félagsskap væru félagsskítir o.s.frv. án þess að gefa nokkuð í skyn að ég væri hræddur um að eitthvað væri bogið hjá þeim. Svo skildu menn en tveim dögum seinna komu þrír af forgöngumönnum knattspyrnuflokksins og færðu mér frá félagsmönnum nýjan hatt að gjöf sem þakklæti fyrir orð mín á fundinum og jafnframt létu þeir þá ósk í ljós að ég vildi einhvern tíma koma suður á mela og enda hjá þeim.

Næsta æfingarkvöld fór ég suður á mela.

Á óruddu afmörkuðu svæði rétt við veginn fram á Grímsstaðaholt voru þeir að leik sínum. Þeir þeyttu knetti og hlupu; mér fannst það vera einn hringlandi og gauragangur. Ég tók eftir því að einn af piltunum sat langt fyrir sunnan þá sem voru að leika sér og hann var þar einmana eins og í öngum. Ég varð hræddur um að þeir hefðu rekið hann úr leiknum og gekk því til hans og spurði hvers vegna hann væri ekki með í leiknum. Hann var hinn kátasti og sagðist vera að verja markið og væri hann í gulli. Ég sá tvær litlar grjóthrúgur með dálitlu millibili. Mig furðaði á þessu og brátt sá ég að leikurinn færðist nær og þá varð hann í fjöri og funa og ég skildi að það ætti að koma knettinum milli hrúganna og hann ætti að reyna að afstýra því.

Mér varð og ljóst að tveir jafnmánmargir flokkar kepptu og heyrði hve mörg gull hver hafði fengið. Ýmis fleiri orðatiltæki heyrði ég



sem ég botnaði ekkert í. Þegar leikurinn var búinn og allir söfnuðust saman til að heyra guðs orð, og ég var búinn að halda stutta bænargjörð, þá datt mér í hug að gaman væri að sjá hvernig menn röðuðu sér upp til byrjunar. Þeir gerðu það, en á minna svæði. Ég stóð fyrir utan við miðlínuna. Það stóðu fimm hver á móti öðrum, þrír þar fyrir aftan þannig að þeir báru í milli-bilin; þá þar fyrir aftan tveir og svo einn aftast. Allt í einu gerðist nokkuð sem ég hef aldrei getað gert mér fulla grein fyrir. Það var sem elding lysti niður beint fyrir framan mig. Ég stóð litla stund alveg agndofa. Ég sá víðan orrustuvöll og rómverska legio uppraðaða til bardaga. Sýnin hvarf og önnur kom í staðinn. Það var taflborð með reitum sínum og mönnum. Ég fann að leikur sem þannig væri skipaður, væri lögbundinn af sinni hernaðarlist þar sem hver maður hefði þýðingu á sínum stað og væri liður í heild. Ég fann að þessi leikur gæti haft afarmikla uppeldisþýðingu. Ég fann að það fór titringur um mig af áfjáleik eftir að kynnast þessum leik út í æsar. Allt þetta tók miklu styttri tíma en þarf til að lýsa því. Þetta varaði ekki svo lengi að það vektu athygli piltanna. Við gengum svo heim á leið og ég var talsvert hljóður.

Næsta dag fór ég og náði mér í enska bók um þennan leik. Síðan vantaði mig ekki á nokkru leikkvöldi þegar ég gat mætt. Við nánari kynni af leiknum sá ég að þessi æfingarstaður var alveg ófær og talaði um það við Val en svo höfðu þeir gefið flokknum nafn. Svo fór ég til Páls borgarstjóra Einarssonar og sótti um leyfi til að ryðja þarna svæði fyrir Val. Hann tók mæta vel í það og fengum við fyrir milligöngu hans leyfi til að ryðja þar nægilega stórt svæði og hafa það svo lengi sem bærinn þyrfti ekki á því að halda. Nú tókst undursamlegur samvinnutími. Á hverju kvöldi mætti hópur af Valsmönnum úti á melum með verkfærum, skóflum, hökum og hjólbörum. Svæðið var mælt út og síðan rutt af mesta kappi. Það var mikið verk. Það var unnið og hamast í hálfan annan tíma, en á laugardagskvöldum var unnið til klukkan eitt eða tvö. Meðan á þessu stóð hafði ég stofnað annað fótboltafélag innan KFUM og hét það Hvatur. Þeir lögðu og sitt lið fram til þess að ryðja leiksvæðið. Sömuleiðis komu nokkrir úr aðaldeild KFUM og lögðu okkur lið, sér í lagi á laugardagskvöldum.

Þannig var unnið allan júnímánuð nema kvöldið 17. júní, því þá var hátíð Jóns Sigurðssonar og hefði verið ósæmilegt að vinna þá. Daginn eftir var yngstu deildinni gefið sumarfrí

enda voru þá fundir orðnir fásóttir því svo margir af drengjunum voru komnir í sveit. Við höfðum þennan sunnudag síðasta fundinn og gengum í skruðgöngu að heiman suður í kirkjugarð og enduðum fundinn við gróf Jóns Sigurðssonar.

Það var eitt laugardagskvöld snemma í júlí að við vorum að vinna og vorum nær 40. Rétt fyrir lágnætti hjólaði ég heim og setti upp stóran pott og bjó til kaffi í tvær fötur og náði mér í hjálparmenn er fluttu bolla og sykur ásamt kaffinu suður á mela. Var þessu tekið með fögnuði. Mennt hvíldu sig meðan þeir drukku kaffið og svo átti að vinna einn klukkutíma þar á eftir. Ég fór heim með áhöldin og nennti ekki suðureftir aftur. Ég sat svo og var að bíða eftir að nokkrir starfsmanna kæmu heim með verkfæri er geymd voru í KFUM. Ég sat við borðið, í mér var unaðspreyta ásamt mikilli gleði. Stöðugt söng í mér þetta erindi:

*Veit þá engi að eyjan hvíta
á sér enn vor, ef fólkíð þorir
Guði að treysta, hlekki að hrista,
hlýða réttu, góðs að bíða o.s.frv.*

Ég vissi ekki til fyrr en ég hafði blýant í hendinni og blað lá fyrir framan mig. Ég fór að reyna að yrkja undir þessum bragarhætti eitthvað út í bláinn. Ég skrifaði:

*Nú vil ég laga sanna sögu,
Setja í stíl og engu skýla*

Það var fyrst klukkan þrjú, að piltarnir komu og hafði ég þá ort fjögur erindi, en án þess að nokkurt sérstakt plan væri í þeim. Svo fór ég að sofa, en um morguninn vaknaði ég með þeirri hugmynd að halda áfram og yrkja drápu um knattspyrnu og sumarstarfið yfirleitt.

Í júlílok var völlurinn að fullu ruddur og öflugar markstengur keyptar og net fengin og allir reitir markaðir. Síðan var völlurinn vígður með fallegri viðhöfn fyrst í ágúst. Það var fagurt veður. Félögin Valur og Hvatur gengu inn á svæðið og heilsuðust á miðlínu, svo var haldin stutt ræða og líst hugsjónum og starfi knattspyrnuflokkana innan KFUM. Þar næst kepptu ellefu valdir menn úr hvorum flokki. Var hátíðleikabragur á öllu. Svo var nú tekið til óspilltra mála með æfingar á hverju kvöldi, hvort félagið annaðhvort kvöld.

1911



Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði!

(Fair Play)

1. Kor., 16, 13.–14.

Vakið, standið stöðugir í trúnni, verið karlmannlegir og styrkir. Allt sé hjá yður í kærleika gjört.

Í dag erum við komnir hér saman, meðlimir í báðum fótboltafélögum KFUM til þess að vígja þetta svæði sem við höfum rutt og fengið leyfi fyrir hjá heiðraðri bæjarstjórn okkar.

Nú höfum við ágætt leiksvæði og tvö fótboltafélög innan KFUM. Ef einhver kynni að spyrja hvort þessi félög séu samrýmanleg anda og starfsemi félagsins segjum við hiklaust: „Já“. Allar íþróttir, útileikir o. s. frv., allt það sem í daglegu tali er kallað sport, það getur vel samrýmst anda og tilgangi félagsins, ef þess aðeins er gætt að það verði ávallt annað í röðinni, aldrei höfuðatriði, aldrei takmark. Allt slíkt á að styrkja okkur til staðfastari baráttu í lífinu og er því ágætt uppeldismeðal.

Á sunnudaginn var talað um að bjöllurnar á hálsunum hestanna ættu að hafa þessa áritun: „Helgaður drottni.“ Og út af því var lagt svo að allt sem við ættum við í lífi okkar og starfi, bæði stórt og smátt, væri helgað guði og allt gert í hans anda. Og nú viljum við setja á fótboltastafsemi KFUM bjöllu með þessari áritun: „Helgaður drottni!“ Og þegar bjallan kallar okkur saman til leiks skal hún hljóma til okkar:

„Helgaður drottni! – helgaður drottni.“

Við vinnum allt með því að helga það guði. Enginn þarf að halda að hann verði daufingi við það að helga leik sinn eða íþrótt sína guði, öðru nær. Leikurinn verður við það fegurri og nautnaríkari. Það er fagurt að sjá unga menn með stælt vöðva, fagran limaburð og þrekmikinn vilja keppa í siðsömum leik. En ef við helgum guði leikinn má ekkert ósæmilegt eiga sér stað á leikvelli okkar. Leikurinn óprýkkar við allt ósæmilegt.

Hér á þessum velli má aldrei heyrast ljótt orðbragð, ekkert blótsyrði, engin stríðni, ekkert særandi orð, enginn gárungaháttur né háreysti.

Við vígslu vallar Vals, í ágúst 1911

Þið ungu menn, sem standið nú í röðum reiðubúnir að ganga inn á nýja svæðið til leiks, sýnið að þið getið leikið með kappi og fjöri og þó sem göfugir ungir menn sem fullkomlega hafið vald yfir ykkur.

Náið þessu valdi hvað sem það kostar.

- Náið valdi yfir limum ykkar;
- æfið augun að sjá fljótt hvað gera skal, æfið fætturna til þess að þeir gefi mátulegt spark eftir því sem augað reiknar út að með þurfi;
- æfið hendurnar til þess að fálma ekki út í bláinn, til þess að gera einmitt þær hreyfingar sem við eiga;
- látið hendur og handleggi verða svo sjaldan sem unnt er fyrir knettinum;
- æfið tungu ykkar, svo að engin óþarfa orð heyrast.

Leggið alla stund á að leggja fegurð inn í leik ykkar.

Látið aldrei kappið bera fegurðina ofurliði!

Látið ekki líkamann vera í 18 hlykkjum, heldur látið hvern vöðva vera stæltan og allan líkamann í þeirri stellingu sem fegurst er. Verið þar á svæðinu sem ykkur ber að vera hverjum samkvæmt skyldu sinni og varist blindan ákafa og fum. Allur þjösnaðpur veri fjarri ykkur.

Kærið ykkur ekki um að vinna með röngu eða ódregngilegu bragði. Þeir sterkari boli aldrei þeim yngri og linari frá réttum leik.

Segið alltaf satt og venjið ykkur á að segja til ef ykkur verður eitthvað á og játið það.

Hælist aldrei yfir þeim sem tapa og gleðjist líka yfir vel-leiknu sparki hjá mótlemismönnum.

Látið aldrei ófagurt pex eða þráttanir skemma leikinn. Verið fljótir að hlýða þeim sem stjórna leik, einnig þó að þeir séu yngri. Leiðréttið og segið til með hógværd þeim sem óæfðari eru og kallið engan klaufa þótt örðugt gangi í fyrstu.



Látið aldrei koma óánægju upp hjá ykkur vegna þess hlutverks sem þið hafið fengið í leiknum; gætið að því að hver staða í leiknum er þýðingarmikil og nauðsynleg. Markvörðurinn og bakverðirnir eru eins þýðingarmiklir og framherjarnir. Þar er enginn mismunur, hver hefur síns hlutverks að gæta.

Sérhver ykkar leggi þá alúð inn í hlutverk sitt eins og leiklokin væru undir trúmennsku hans eins komin!

Munið eftir að viðhafa aldrei orðskrípi. Nefnið markið mark, en ekki „gull“ sem er afbökuð enska; látið aldrei heyrast orðskrípi eins og t. d. „halfback“ eða „harðbak“ eða „fúllback“, slíkt er ósæmilegt.

Þá fimm fremstu nefnum við framherja, þá þrjá í næstu röð miðjumenn, þar fyrir aftan koma bakverðir og markvörður stendur í marki.

Öll mikilmennska, mont og yfirlæti sé langt frá ykkur, en hógværð og lítillæti sé prýði og aðalsmerki þeirra bestu.

Þjónustusemi og veglyndi einkenni alla framkomu okkar, bæði á leiksvæðinu og utan leiks. Leikinn höfum við okkur sjálfum til hressingar og heilsusamlegrar hreyfingar; hann á að vera uppeldismeðal til þess að ná meiru og meiru valdi yfir sjálfum sér. Hann á að hafa styrkjandi áhrif á líkamann og göfgandi áhrif á sálina. Hann er einn liður í starfi KFUM sem glæðir og viðheldur félagslífinu á sumrin og á að gera okkur færari til þess að þjóna guði í hreinleika líkama, sálar og anda.

Sá sem temur sjálfan sig og reynist trúr í minnstu atriðum leiksins undirbýr sig með því til þess að geta lifað í trúmennsku og prettaleysi í skyldustörfum lífsins. Sá sem hagar sér óheiðarlega í leik verður varla fastur fyrir í ráðvendni lífsins.

Þeim ungling sem temur sér pretti og ógöfuga framkomu á leiksvæðinu, get ég ekki vel treyst í því sem meira er undir komið. Með leik ykkar getið þið gert KFUM bæði sóma og gagn, en þið getið líka gert því tjón og skömm. Gætið vel að því.

Tvö fótboltafélög höfum við nú innan KFUM. Þau geta keppt hvort við annað, en á félög utan KFUM skorum við ekki né heldur tókum við móti áskorunum frá þeim til kappleikja.

Tilgangur okkar er sá að nota leikina okkur til gagns inn á við en ekki til fordildar út á við. Annað mál er að við

getum seinna, ef okkur svo sýnist, sent flokk á eitthvert allsherjar íþróttamót með tímanum ef við höfum reynst trúir og atorkusamir í því, sem við höfum svo við getum bæði unnið sigur og beðið ósigur með sóma.

Sá sem leikur af sannri íþrótt, stillingu, kappi og fegurð vinnur sér sóma þótt annar verði yfirsterkari. Gætið þessa við hverja æfingu. Hafið markið fyrir augum, gerið ekkert út í bláinn en vitið ávallt hvað þið viljið og hvers vegna þið gerið þetta eða hitt.

Munið ávallt eftir því að leikur okkar er ekki aðeins stundargaman, heldur á hann að vera til þess að gera okkur betri, göfugri, heiðarlegri og karlmannlegri með hverri æfingu. Samlíf okkar á leiksvæðinu og utan þess á að efla kristindóm okkar og vera guði til dýrðar. Það er höfuðmarkmiðið. Hve hátt sem við setjum þessa íþrótt og aðrar góðar listir, verðum við sem sannir meðlimir KFUM að segja með postulanum: „Líkamleg æfing er til lítills nýt, en guðhræðslan er til allra hluta nytsamleg og hefur fyrirheit bæði fyrir þetta líf og hið tilkomanda.“ (1. TIM. 4, 8).

Með þessum hugsjónum viljum við ganga inn á nýja svæði okkar sem okkur er látið í té af góðfýsi bæjarstjórnarinnar. Notum það vel. Við munum ávallt minnst með gleði á þann tíma sem hefur farið í að ryðja svæðið; kærleika, starfi og atorku hefur verið fórnað kvöld eftir kvöld á þessum bletti. Hjörtu okkar hafa því tekið ástfóstri við hann.

Svo set ég á hann áritunina: „Helgað drottni!“

Hún stendur eins og í stórum boga letuð yfir svæðinu markanna í milli: Þeir sem unna KFUM og málefni guðs sjá hana alltaf í anda. Í nafni KFUM vígi ég svo svæði þetta til notkunar, til framfara og yndisauka.

Hér ríki friður, kærleiki, samheldni, fegurð og atorka.

Hér þrífist aldrei neitt ósæmilegt eða ljótt.

Guð blessi svæðið okkar, leik og líf.

Guðs orð segir: „Að öðru leyti, bræður, verið gláðir. Verið fullkomnir, áminnið hver annan, verið samhuga, verið friðsamir.“ (2. KOR. 13, 11.)

Og svo til starfa! Allir á sinn stað. Áfram.



Hús KFUM við Amtmannsstíg.

Þetta ferðalag er eitt af því sem ég tel til ævintýra ævi minnar

Í febrúar (1911) fékk ég bréf frá séra Þorsteini Briem þar sem hann tilkynnti mér að hann hefði stofnað KFUM í Hafnarfirði með 16 piltum sem áttu að fermast um vorið og bauð mér að koma og líta á þá; þeir hefðu fundi á þriðjudögum. Ég fór svo þangað og hafði mjög ánægjulegt kvöld heima hjá séra Þorsteini í Brekkugötu 7 og komu drengirnir þangað. Frú Valgerður Briem stóð fyrir beina og söng og lék á píanó fyrir drengina og við séra Þorsteinn sögðum þeim frá ýmsu viðvikjandi félagsskapnum.

Ég kom aftur seinna á föstunni og staðfestist með okkur að Y-D og U-D úr Reykjavík skyldi heimsækja litla félagið um páskana. Þegar ég bar þetta undir „Úrvalið“ mitt varð hjá þeim stór hrifning fyrir þessu. Mig langaði líka til að vígja þá sérstakan fána fyrir yngstu deildina, það átti að vera skrudgöngufáni. Ég vildi ekki nota Dannebrog þó að hann væri þá eini löggilti fáninn, því þótt mér þætti mjög vænt um þann fána, þá var það eingöngu sem fána Danmerkur og ég hafði enda ort fánasöng fyrir Y-D í Kaupmannahöfn. En hjá mörgum hér heima var vaknaður mikill áhugi fyrir að Ísland fengi sinn sérstaka þjóðarfána og ég hafði alltaf verið hrifinn af þeirri hugsjón frá því er Valtýr Guðmundsson hafði ritað bækling um merki Íslands árið 1885 eða 6, að mig minnir. En ég hafði ávallt látið mér fátt um finnast bláhvítu fánana sem sumir voru mjög heitir fyrir og kölluðu

fána Íslands. Ég hafði alltaf staðið á móti því að KFUM hefði flaggstöng, bæði af því að ég vildi hvorki nota Dannebrog né þann „bláhvíta“, og af því að oft gæti verið erfitt að vita hvenær og fyrir hverju bæri að flagga í félaga nafni. Ég hafði ávallt sagt: Ég líð aldrei að flaggað sé með bláhvíta fánanum hvorki inni né úti á KFUM eða við skrudgöngur, fyrr en hann hefur verið samþykktur af Alþingi og þau lög undirskrifuð af konungi. Þess vegna létum við nú sauma sérstakan fána fyrir Y-D og var það hvítur feldur með bláum borða umhverfis og í hvíta feldinum rauðir stafir.

Á páskadaginn átti svo að vígja nýja fánann hátíðlega og jafnframt var í undirbúningi skrudganga til Hafnarfjarðar 2. páskadag, 17. apríl 1911. Og til enn meiri hátíðleika voru búnar til „slaufur“ handa drengjunum og hafði hver sveit sína liti.

Á afar fjölmennum fundi á páskadaginn var fáninn vígður og fánasöngur sunginn og er þetta fyrsta vers:

*Fáni vor sem friðarmerki
fara skaltu' á undan nú,
hvetja oss að æðsta verki,
efla dáð og sanna trú.
Minnir oss á markið hátt
mót er skín oss rautt og hvítt og blátt.*

Var það sungið með mikilli hrifningu og eftir það var fáninn hyltur á hverjum Y-D fundi. Næsta dag, (annan páskadag) áttu allir dreng-



Íðkendur í fjórum Íslandsmeistaraliðum Vals í handbolta. Myndin er tekin fyrir leik Vals og Fylkis í knattspyrnu, 13. maí 2018. Ljósmynd: Þorsteinn Ólafs.

irnir að vera komnir kl. 9 1/2 um morguninn niður í KFUM; allir áttu að hafa skriflegt leyfi með sér að heiman og fékk enginn að fara með án þess. Veðrið var ekki upp á það besta og þótti tvísýnt um hvort fara bæri, samt var það afráðið og lagði nú allur herinn af stað. Fyrst kom blaktandi nýi fáninn og síðan 40 piltar úr A-D og U-D. Svo komu drengirnir úr Y-D og voru þeir liðlega 200. Sveitastjórnarnir fylgdu hver sinni sveit, gengu fjórir saman í röð. Var þetta allásjáleg fylking. Var nú gengið alla leið til Hafnarfjarðar og hvílt einu sinni litla stund á leiðinni.

Þar sem Hafnarfjarðarhraun byrjar Reykjavíkurmegin kom félagið úr Hafnarfirði á móti okkur og bauð okkur velkomna og gekk síðan í fylkingu á undan. Sungið var óspart við og við á allri leiðinni. Þegar fylkingin nálgast bæinn sáum við heilmikla þyrpingu Hafnfirðinga uppi á hraunbrúninni við Hafnarfjörð, var það fólk að koma til þess að sjá fylkinguna. Þegar við vorum rétt komnir að fólkinu hófu drengirnir af sjálfsdáðum upp hersöng yngstu deildarinnar og byrjaði hann svona:

*Vér yngsta sveina sveit
með sigurljóð svo skær og heit,
vér göngum nú
með glaðri trú
og gleðivon í anda
mót öllum vondum vættum þeim
og varga sveim,
sem ætla oss að granda.*

En er þeir komu að orðunum „mót öllum“ gaf ég merki að stöðva sönginn, því að ég vildi ekki að Hafnfirðingar héldu að við kölluðum þá „vondar vættir og vargasveim“. Þegar við gengum niður í bæinn kom fólk út í alla glugga því að orðtakinu: „eitt fótatak“ var vel fylgt eftir með fótunum og dunaði undir í húsunum við samstillt fótatak 250 drengja sem allir vildu sýna sig frá bestu hlið. Það var að öðru leyti þögn í fylkingunni gegnum bæinn.

Svo var gengið til Góðtemplarahússins, fengu allir Reykvikingar sæti og múgur af börnum og unglungum úr Hafnarfirði fylltu svo að öðru leyti húsið. Svo var haldin samkoma með ræðu og miklum söng. Svo fóru allir upp á „Hamar“, en á meðan var í Góðtemplarahúsi allt undirbúið til þess að gefa drengjunum kaffi. Bakari einn í Hafnarfirði hafði búið til fyrir mig 500 bollur, hver bolla var eins og lítil pottkaka og kostaði þó ekki nema 5 aura. Síðan var kaffi drukkið þannig að liðinu var skipt í tvo helminga og var annar helmingur úti að leika sér meðan hinn drakk. Meðan verið var að drekka fór ég heim til séra Þorsteins, enda þótt ég vissi að hann væri ekki heima, því hann messaði úti á Bessastöðum. Það þótti mér vanta á hátíðina að hann var ekki heima.

Séra Þorsteinn kom er verið var að drekka í seinni flokknum og sagði nokkur orð til fylkingarinnar áður en hún lagði af stað.

Það var orðið gríðarhvasst á norðan, beint í



fangið og leist mér ekki vel á blikuna er komið var upp úr Hafnarfirði. Esjan hatrömm á svipinn og talsvert él með miklu hvassviðri, var auðsýnilegt að verðrið fór versnandi. Ég setti þá eldri á undan og svo var fylkingin skrúfuð áfram á hraðgöngu. Þegar einhverjir af þeim minnstu urðu þreyttir, komu piltar úr eldri deildunum og báru þá á bakinu spölkorn til hvíldar, en ekki mátti bera þá of lengi vegna kuldans. Þegar komið var að Kópavogshálsi var nær því komin stórhrið og ekkert sást í dimmviðrinu. Ég var alltaf á hlaupum fram og aftur með fylkingunni að sjá að allt væri í lagi. Þegar komið var að Skólavörðunni var fylkingin stöðvuð, höfðum við þá aðeins verið sjö stundarfjórðunga á leiðinni. Nú var fylkingin leyst upp og hver sveit fór með sveitastjóra sínum í bæjarhluta sinn. Meðan við stóðum við Skólavörðuna kom faðir eins af drengjunum; hann átti lítinn dreng, einn af þeim minnstu, og hafði drengurinn stolist og komist inn í fylkinguna án þess að ég yrði þess var fyrr en til Hafnarfjarðar var komið og lofaði pabbi hans honum flengingu er heim væri komið, en hvort hann hefur efnt það veit ég ekki.

Ég var orðinn dauðþreyttur er heim kom og sat einn í stofu minni, það var ekkert um að vera í félaginu það kvöld. Kl. 8 kom einn af sveitastjórunum og varð ég honum feginn, því að allmiklar áhyggjur sóttu á mig, hvort drengirnir mundu nú veikjast eða hafa tjón af förinni.

Sveitastjórinn sagðist hafa komið til þess að við skyldum biðja saman fyrir drengjunum. Meðan við vorum að tala saman kom annar sveitastjóri í sömu erindum og þannig komu þeir allir, knúðir af sömu áhyggju. Svo héldum við heita og innilega bænarstund og vorum svo djarfir að biðja um að enginn drengur fengi kvef. Næstu dagana heimsóttu sveitastjórnir hvern einasta dreng sem verið hafði með í förinni. Og við höfðum þá gleði að bænin hafði verið bókstaflega uppfyllt, aðeins einn drengur lá daginn eftir, en það var af hælæri því að skórnir hans meiddu hann.

Þetta ferðalag er eitt af því sem ég tel til ævintýra ævi minnar og get því ekki gengið fram hjá því. 1911



Lúðrasveit KFUM.



Séra Friðrik í Ameríku 1915
– með yfirlætisstaf.

... aldrei yfirlætisstaf

Á leið Séra Friðriks til Napóli, föstudaginn 11. maí 1923, kom lestin að stöðinni við Monte Cassino. Þar gnæfði upp snarbrött hæð og há og þar uppi voru stórfenglegar byggingar. Hann langaði að heimsækja þann stað þar sem Benedikt frá Nursíu lifði og stofnaði hina miklu reglu Benediktsmunka sem svo mörgu góðu komu til vegar í kristninni. En nú var enginn tími til þess, svo bættist þar ofan á að nú fyrst—á síðasta augnabliki – kom í ljós, að hann átti að skipta um lest.

Hann tók í skyndi þjónkur sínar og þaut út og komst með naumindum inn í réttu lestina. Hún fór af stað um leið og hann var kominn inn.

Séra Friðrik komst í klefa þar sem hann fékk að vera í friði. En er hann hagræddi töskum sínum upp í netið fyrir ofan sætið tók hann eftir því að stafur sem hann átti hafði orðið eftir í hinni lestinni. Þann staf hafði Páll bróðir hans smíðað handa honum og var hið mesta hagleiksmíði. Þótti honum þetta svo leitt að hann strengdi þess heit að taka sér aldrei yfirlætisstaf í hönd og hefur efnt það.

Arriverderci



6. flokkur drengja í fótbolta. Myndin er tekin fyrir leik Vals og Fylkis í knattspyrnu, 13. maí 2018. Ljósmynd: Þorsteinn Ólafs.

